

Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum í Sel hótel 14.01.2015.

Mætt voru: Hallur Reynisson skólameistari, Margrét Hólm Valsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Erlingur Teitsson, Guðrún Tryggvadóttir, Kolbrún Ívarsdóttir sem varamaður og Birna Björnsdóttir fulltrúi kennara.

Formaður Margrét setti fund og stjórnaði honum og Erlingur ritaði fundargerð

1. Aðsókn á vorönn.

Fram kom að á vorönn eru 109 nemendur sem er fækkun frá haustönn um 10 nemendur, þá komu á önnina 6 nemendur frá Þórshöfn er voru 3 á haustönn. Málin rædd all gaumgæfilega.

2. Horfur í rekstri.

Rekstur er áfram þungur en tekist hefur þó að lækka uppsafnaðan rekstrarhalla um 7 millj. Eða 2 millj. Umfram áætlun sem byggist að hluta á úthlutun á grundvelli aukafjárlaga Alþingis.

3. Ferðamálanám.

Skólameistari fól tveimur kennurum FL að mynda undirbúningsnefnd sem hefði það hlutverk að skipuleggja námsframboð og fyrirkomulag í lotubundnu ferðamálanámi. Tillaga undirbúningsnefndarinnar era að gera tilraun á vormisseri 2015 með því að bjóða upp á þriggja daga vinnulotu 20. – 22. mars á Laugum og í framhaldi af henni stutt nám á kennsluvef Framhaldsskólans.

4. Önnur mál.

Skólameistari sagði frá því að í vor verði haldið upp á 90 ára skólahald á Laugum og sé stefnt að hátíðarhöldum á fyrsta sumardag n.k. Skólameistari óskaði eftir því við skólanefnd að hún tilnefni sinn fulltrúa úr sínum röðum í verðandi hátíðarnefnd. Skólanefnd ákvað að tilnefna Guðrúnu Maríu Valgeirsdóttur í umrædda nefnd. Þá kom fram að ráðinn var Jón Friðrik Benónýsson í stöðu húsvarðar í stað Baldvins Áslaugssonar.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið